

Upplýsingar um aðlögunarfærni

Elsta stig (8.-10. bekkur) og framhaldsskóli

Athugið: Ef færni barnsins er lakari (færni ekki náð á mörgum atriðum) þá er ráðlagt að styðjast einnig við viðmiðunarspurningar fyrir miðstig grunnskóla.

Upplýsingar um boðskipti

- Hefur ungmennið úthald í að horfa á bíómynd í fullri lengd og getur það sagt frá meginatriðum myndarinnar?
- Heldur ungmennið athygli yfir fræðsluefni í 15-30 mínútur? T.d. í skólanum.
- Dregur ungmennið ályktanir út frá eigin þekkingu og skoðunum? T.d. “Ég held að hún sé sár út í mig vegna þess að ég gleymdi að bjóða henni með í gær”.
- Notar ungmennið önnur orð (umorðar) og bætir við bakgrunnsupplýsingum ef aðrir skilja ekki hvað það er að tala um?
- Getur ungmennið fylgt sjónrænum leiðbeiningum? T.d. á korti eða við að setja saman LEGO, módel eða einföld húsgögn.
- Notar ungmennið internetið til að afla sér upplýsinga fyrir skólaverkefni?
- Skrifar ungmennið stuttar ritgerðir eða útdrátt með eigin orðum sem er að minnsta kosti ein blaðsíða að lengd?
- Fer ungmennið yfir heimaverkefni sín áður en það skilar þeim inn? T.d. stafsetningu eða málfar.

Upplýsingar um daglegar athafnir

- Sér ungmennið sjálft um persónulegt hreinlæti? T.d. sturtuferðir, að vera snyrtilegt til fara, klippa neglur, bursta tennur o.s.frv.
- Hversu vel gengur ungmenninu að fylgja reglum heimilis um umgengni? T.d. setja óhreinan þvott í óhreina tau, setja hreinan þvott inn í skáp, hengja upp blaut handklæði, halda herberginu sínu snyrtilegu.
- Notar ungmennið tvo eða fleiri samfélagsmiðla til að vera í samskiptum við vini og fjölskyldu (smáskilaboð, Snapchat, Instagram, Facebook o.fl.)?
- Er ungmennið meðvitað um kosti þess að velja oftast hollari mat og ávinning þess að hreyfa sig reglulega?
- Hversu gott er verðskyn ungmennisins? Er það með greiðslukort og nýtir það heimabanka til að sjá stöðu? Er ungmennið meðvitað um ávinning þess að spara til framtíðar?
- Hversu sjálfbjarga er ungmennið við að búa sér til einfaldar máltíðir? Hvaða eldhústæki notar ungmennið sjálfstætt?
- Hefur ungmennið sett sér markmið og náð þeim? T.d. varðandi hreyfingu, að safna fyrir ákveðnum hlut eða námsleg markmið.
- Hversu sjálfbjarga er ungmennið að ferðast utan heimilis? Tekur það strætó og getur nýtt strætó appið til að skipuleggja ferðir?
- Skipuleggur ungmennið sig sjálft? T.d. að stilla vekjaraklukku sjálft og vakna við hana, komast á æfingar eða í tólmstundir o.s.frv.

Upplýsingar um félagslegt samspil

- Á ungmennið góða vini og viðheldur það vinatengslum?
- Tekur ungmennið virkan þátt í að skipuleggja vinahittinga utan heimilis? T.d. bíóferðir, tónleika, fara í verzlunarmiðstöð o.s.frv. Hversu oft í viku hittir það vini og hvað gera þau saman?
- Hefur ungmennið stjórn á tilfinningum sínum? T.d. notar orð í stað þess að öskra/gráta eða slá frá sér.
- Aðlagar ungmennið hegðun sína þannig að hún hæfi aðstæðum? T.d. að hvísla í bíó, formlegri samskipti við kennara og óformlegri við vini.
- Gefur ungmennið viðbótarupplýsingar þegar þörf er á til að aðrir geti betur skilið hvað það er að tala um?
- Tekur ungmennið þátt í samræðum um efni sem er ekki innan áhugasviðs þess?
- Fylgir ungmennið útivistarreglum og lætur vita af ferðum sínum?
- Hversu varkárt er ungmennið í samskiptum við fólk sem það þekkir ekki vel, bæði á internetinu og daglegu lífi? Væri auðvelt að fá ungmennið til að t.d. að senda óviðeigandi myndir, stela, falla fyrir netsvindli?